

Djúpavogshreppur

Bakki 1
765 Djúpavogi

Reykjavík, 11. mars 2020
Tilvísun: 1910199 / 05.02

Efni: Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vorið 2020.

Alls bárust 135 umsóknir um styrki að fjárhæð kr. 2.305.936.139,-. Í ljósi fjölda umsókna og takmarkaðs fjármagns til úthlutunar reyndist einungis unnt að styrkja 33 umsóknir. Til úthlutunar voru kr. 501.500.000,-.

Hér með tilkynnist að því miður reyndist ekki unnt að verða við umsókn þar sem að verkefnið náði ekki tilskyldum stigafjölda en þau verkefni sem hlutu styrk fengu að lágmarki 29 stig. Frekari upplýsingar um umsóknina er að finna í þjónustugátt Ferðamálastofu undir „Gæðamatsblað úthlutun 2019 - 2020“.

Samkvæmt 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur styrkumsækjandi óskað eftir rökstuðningi fyrir ákvörðuninni. Skrifleg beiðni þess efnis skal berast Ferðamálastofu innan 14 daga frá dagsetningu tilkynningar þessarar. Beiðni um rökstuðning skal senda í gegnum þjónustugátt Ferðamálastofu á þar til gerðu eyðublaði.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu


Guðrún Dóra Brynjólfsson